Miðvikudaginn 20. janúar 1988.

Nr. 20/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Jóhann Pétursson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru á dómþingi sakadóms Vestmannaeyja 15. þ.m. og verður að skýra kæruna svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Gögn málsins frá sakadómi Vestmannaeyja bárust Hæstarétti 18. þ.m.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 15. janúar 1988.

Þann 12. janúar sl. kærði X Jens Karl Magnús Jóhannesson kt. 200165-5699, Ásavegi 30, kjallara, Vestmannaeyjum fyrir að hafa með ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis aðfaranótt 8. janúar sl.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu þann 13. janúar sl., svo og fyrir dómi þann 14. janúar sl., hefur kærði játað að hafa beitt X líkamlegu ofbeldi og þannig haft við hana samfarir. Er framburður kærða og X að mestu leyti samhljóða, en þó greinir þau á í nokkrum atriðum.

Af skjölum málsins má ráða að eftir er að yfirheyra allmarga aðila sem gætu gefið upplýsingar sem varpað gætu ljósi á málið.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka meint brot Jens Karls Magnúsar Jóhannessonar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. sérstaklega 194. gr. þeirra laga.

Gætu meintar sakir Jens, ef sannaðar þættu, varðað Jens fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Eins og fram kemur í greinargerð lögreglu svo og ráða má af skjölum málsins, þá er m.a. eftir að yfirheyra allmörg vitni sem sum hver eru líkleg til að skýra staðreyndir málsins.

Þá er einnig að nokkurs ósamræmis gætir í framburði kærða og X, sem frekari rannsókn er líkleg til að varpa skýrara ljósi á.

Með vísan til alls ofanritaðs, framlagðra skjala og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglunnar í Vestmannaeyjum og gera Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn sem allt til kl. 15:00 mánudaginn 25. janúar 1988.

Úrskurðarorð:

Jens Karl Magnús Jóhannesson, kt. 200165-5699, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15:00 mánudaginn 25. janúar 1988.

Miðvikudaginn 20. janúar 1988.

Nr. 9/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Hauki Gíslasyni

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru dagsettri 6. janúar 1988, sem barst réttinum 7. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.